



## Minningarsjóður Einars Darra

# E I T T L Í F

Mikil vinna hefur verið lögð í þróun á EITT LÍF uppfærðslu erindinu fyrir grunnskólana. Við úrvinnslu á erindinu var stuðst við rannsóknir, einnig var horft til fyrri reynslu okkar, frá því að við höldum erindi í framhaldskólum landsins. Ásamt því þá var einnig lögð fyrir rafræn spurningarkönnun fyrir ungmenni 15-22 ára. Rúmlega 500 ungmenni svöruðu könnuninni, notast var við niðurstöður úr henni við þróun uppfærðslunnar. Þegar búið var að setja saman grófa uppbyggingu á erindinu þá var settur saman rýnihópur sem innihélt hóp af fólki frá mismunandi áttum í samfélaginu, þar á meðal ungmenni og fræðimenn.

EITT LÍF uppfærðslan er valdeflandi, persónuleg, lausnamiðuð, á jafningjar grundvelli og við einblinum á að fræða ekki hræða. Við leggjum áherslu á að um sé að ræða langtíma átak og útvegum við því tilbúin verkefni, útbúin af okkur, sem hver umsjónarkennari hefur möguleikan á að leggja fyrir sína nemendur.

Foreldrar og starfsfólk skólanna sitja erindi áður en nemendur fá uppfærðsluna, það er gert til að stuðla að því að fullorðnu einstaklingarnir séu reiðubúnir að taka á móti börnunum eftir að þau fá erindið og geti haldið áfram umræðunni sem og að aðstoða börnin ef við á. Við vonum að erindið nái til sem flestra en gerum við okkur grein fyrir því að ómögulegt er að útbúa erindi sem nær til allra, þess vegna viljum við stuðla að því að valdefla alla í kringum börnin, starfsfólk (með þekkingu), foreldra (með þekkingu), vini (með þekkingu og hvetja til að segja fullorðnum frá ef vinur er í vanda) og börnin sjálf (með þekkingu og hvetjum til að taka upplýsta ákvörðum um að segja nei þegar/ef boð um að misnota lyf eða fíkniefni berst).

Þeir sem koma að uppfærðslunni vorið 2019 eru Andrea Ýr Arnarsdóttir, mastersnemi í Heilbrigðisvísindum og Aníta Rún Óskarsdóttir, systur Einars Darra. Bára Tómasdóttir, móðir Einars Darra og Kristján Ernir Björgvinsson, vinur Einars Darra og fíkill í bata.

Hægt er að hafa samband við forsvarsmenn með því að senda póst á [egabaraeittlif@gmail.com](mailto:egabaraeittlif@gmail.com)